



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

# Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2000

Þorleifur Eiríksson  
forstöðumaður

2000

**Efnisyfirlit**

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>Hlutverk</b> .....	<b>3</b>
<b>SKIPULAG</b> .....	<b>3</b>
<b>Stjórn</b> .....	<b>3</b>
<b>Starfsmenn</b> .....	<b>4</b>
<b>AÐSTAÐA</b> .....	<b>4</b>
<b>Húsnæði</b> .....	<b>4</b>
<b>Rannsóknarstofa</b> .....	<b>4</b>
<b>Bókasafn</b> .....	<b>5</b>
<b>STARFSEMI</b> .....	<b>5</b>
<b>Heimasíða</b> .....	<b>5</b>
<b>Verkefni</b> .....	<b>5</b>
<b>Útgefið efni</b> .....	<b>8</b>
<b>Skýrslur</b> .....	<b>8</b>
<b>NÁTTÚRUGRIPASAFN</b> .....	<b>9</b>

## INNGANGUR

Náttúrustofa Vestfjarða hefur nú starfað í fjögur ár. Á þeim tíma hefur starfsemi stofunnar aukist og verkefnum fjölgað.

Fastir starfsmenn eru þrír, auk forstöðumanns en aukning verkefna hefur kallað á að ráða hefur þurft sérfræðinga í tímabundin verkefni. Samstarfsaðilum hefur fjölgað og er um að ræða bæði einstaklinga og stofnanir.

Á árinu vann Náttúrustofan að fjölbreyttum verkefnum. Má þar nefna rannsóknir á gróðurfari, fuglalífi, refum, jarðfræði og botndýrum. Þá tók stofan þátt í að vinna umhverfismatsrannsóknir í tengslum við vegagerð og gerð snjóflóðavarna.

Almennt má segja að fjölbreytni í verkefnavali stofunnar sýni styrk hennar til að stunda alhliða rannsóknir á Vestfjörðum og þar með uppfyllir stofan það hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt lögum.

## Hlutverk

Helstu hlutverk Náttúrustofunnar samkvæmt lögum eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verk sviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verk sviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra.
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

## SKIPULAG

### Stjórn

Umhverfisráðherra skipar stjórn samkvæmt tilnefningum og formann og varaformann án tilnefningar. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn Náttúrustofu Vestfjarða.

Formaður: Sveinn Bernóðusson, Bolungarvík  
Smári Haraldsson, Ísafirði  
Ólafur Kristjánsson, Bolungarvík

Varamenn: Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafirði  
Hildur Halldórsdóttir, Ísafirði  
Ágúst Kr. Björnsson, Súðavík

## **Starfsmenn**

Fjöldi starfsmanna á árinu var mismunandi eftir árstíðum og umfangi starfseminnar hverju sinni. Eftirfarandi starfsmenn störfuðu á Náttúrustofu Vestfjarða í lengri eða skemmri tíma, sumir eingöngu í einstökum verkefnum.

### Forstöðumaður

Þorleifur Eiríksson

### Sérfræðingar

Arnlín Óladóttir, vistfræðingur  
Ester Rut Unnsteinsdóttir, líffræðingur  
Skúli Guðbjarnarson, sérfræðingur  
Smári Haraldsson, líffræðingur  
Sólrún Geirsdóttir, sérfræðingur  
Margrét Valdimarsdóttir, landfræðingur  
Jón Reynir Sigurvinsson, jarðfræðingur  
Sigurður Már Einarsson, líffræðingur  
Kristjana Einarsdóttir, líffræðinemi

### Skrifstofa

Petrína Sigurðardóttir, skrifstofumaður

### Aðrir starfsmenn

María Elísabet Jakobsdóttir, starfsmaður/safnvörður  
Auður Finnbogadóttir, starfsmaður/safnvörður  
Þröstur Þrastarson, starfsmaður  
Friðrik Hagalín Smáráson, starfsmaður  
Guðrún Ármannsdóttir, ræstingar

## **AÐSTADA**

Náttúrustofa Vestfjarða er til húsa að Aðalstræti 21 í Bolungarvík. Einnig starfrækir stofan starfsstöð á Bakka í Bjarnarfirði í Strandasýslu.

## **Húsnæði**

Húsnæði Náttúrustofu Vestfjarða samanstendur af þremur skrifstofum, skjalageymslum, bókasafni og rannsóknarstofu á 2. hæð að Aðalstræti 21 í Bolungarvík, auk starfsstöðvarinnar á Bakka í Bjarnarfirði í Strandasýslu.

## **Rannsóknarstofa**

Rannsóknarstofa Náttúrustofu Vestfjarða er í einu lokuðu rými á Náttúrustofunni. Þar fara fram allar rannsóknir á sýnum úr náttúru Vestfjarða sem aflað er með vettvangsrannsóknum um allt svæðið. Rannsóknarstofan á ýmis rannsóknartæki, s.s smásjár og víðsjár sem nýtast vel við greiningu hinna ýmsu sýnasafna en safnið fer ört stækkandi.

## **Bókasafn**

Áfram var unnið að fjölgun bókakosts Náttúrustofu Vestfjarða og hann skráður í gagnagrunn stofunnar.

## **STARFSEMI**

Á árinu voru unnin fjölmörg og fjölbreytt verkefni á mismunandi sviðum innan náttúru- og umhverfisfræða.

## **Heimasíða**

Ný heimasíða var tekin í notkun. Markmið hennar er að veita sem bestar upplýsingar um starfsemi og umfang Náttúrustofu Vestfjarða hverju sinni.

## **Verkefni**

### Gróðurfar í hlíðum Traðarhyrnu í Bolungarvík

Þetta verkefni, sem unnið var af Arnlín Óladóttur, vistfræðingi, var hluti af mati á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík og var unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Gerð var athugun á gróðurfari í hlíðum Traðarhyrnu í Bolungarvík og það svæði sem mun raskast vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna skoðað. Tilgangurinn var að athuga hvort á svæðinu væru einhverjar þær plöntur eða gróðurhverfi sem ber að vernda í sjálfu sér eða sem búsvæði viðkvæmra tegunda. Niðurstöður sýndu að svo virtist ekki vera.

### Gróðurfar við Þiðriksvallavatn í Strandasýslu

Verkefnið var unnið fyrir Orkubú Vestfjarða vegna hugsanlegrar hækkunar vatnsborðs Þiðriksvallavatns. Skoðaður var gróður á því svæði sem mun fara undir vatn og umhverfi þess ef til þess kæmi að yfirborðs vatnsins yrði hækkað. Verkefnið var unnið af Arnlín Óladóttur, vistfræðingi.

### Gróðurfar á Barðastrandavegi

Verkefnið var unnið fyrir Vegagerð ríkisins. Gerð var athugun á gróðurfari í Mikladal á Barðaströnd. Tilefnið var fyrirhuguð veglagning niður dalinn sem er austari hluti Kleifaheiðar yfir til Patreksfjarðar. Arnlín Óladóttir, vistfræðingur vann athugunina fyrir Náttúrustofu Vestfjarða.

### Vestfjarðavegur

Arnín Óladóttir, vistfræðingur gerði, að beiðni Vegagerðar ríkisins, athugun á gróðri á fyrirhuguðu nýju vegstæði á hluta þjóðvegur nr. 60, þ.e. Vestfjarðavegi frá Kollafirði um Vattarfjörð í Austur – Barðastrandasýslu. Tilgangurinn var að kanna hvort um væri að ræða einhverjar þær tegundir plantna eða gróðurhverfi sem bæri að vernda í sjálfu sér eða sem búsvæði fyrir viðkvæmar tegundir. Niðurstöður athugunarinnar sýndu að fyrirhugað vegstæði færi hvergi yfir landslagsheildir eða heildstæð gróðurhverfi.

### Fuglalíf í Hlöðuvík á Hornströndum

Sumarið 1998 var fylgst með fuglalífi samhliða rannsóknum á refum í Hlöðuvík. Rannsóknina gerðu Hólmfríður Sigbórsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Páll Hersteinsson. Þau birtu niðurstöður sínar í grein í Blika, tímariti um fugla.

### Fuglaathuganir

Að beiðni Orkubús Vestfjarða kannaði Náttúrustofa Vestfjarða fuglalíf við Þiðriksvallarvatn í Strandasýslu. Ástæða fyrir beiðni Orkubúsins var áætlun um að hækka yfirborð vatnsins og því mikilvægt að kanna fuglalíf á því svæði sem færi undir vatn vegna hækkunarinnar. Náttúrustofa Vestfjarða leitaði til þeirra Jóns Halls Jóhannssonar og Bjarkar Guðjónsdóttur um að taka verkið að sér, þar sem þau höfðu áður kannað fuglalíf á þessu svæði og höfðu í förum sínum ýmis rannsóknargögn sem nýttust við þessa rannsókn.

### Jarðfræði Bolungarvíkur

Ofangreint verkefni var unnið af Jón Reyni Sigurvinsyni, jarðfræðingi, fyrir Bolungarvíkurkaupstað og var um frummat á umhverfisáhrifum vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík að ræða. Í skýrslunni eru dregin saman helstu atriði er varða jarðfræði svæðisins og við hverju má búast að finnist á framkvæmdarsvæðinu í hlíð Traðarhyrnu. Auk þess var lagt mat á hvaða áhrif snjóflóðavarnargarðar, grjótnám og haugsetning gæti haft á umhverfið og bent á leiðir til úrbóta.

### Jarðfræði Bolungarvíkur. Grjótnám og haugsetning

Skýrslan var unnin fyrir Línuhönnun hf. Það var Jón Reynir Sigurvinsson, jarðfræðingur sem vann verkið sem fólst í því að skoðaðir voru hvaða möguleikar væru á grjótnámi til styrktar leiðigarði og þvergarði til snjóflóðavarna. Einnig voru heppilegir staðir til haugsetningar umfram efnis frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skoðaðir.

### Tíðnidreifing blómplantna í Hornstrandafriðlandi

Verkefnið var stutt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og var markmið þess að skoða þær breytingar sem orðið hafa á gróðri eftir mislanga friðun frá beit. Hornstrandafriðlandið

hefur ákveðna sérstöðu í því sambandi því það er stærsta samfellda svæðið á Íslandi sem byggt hefur verið en er nú í eyði. Gróður á svæðinu hefur því notið friðunar fyrir búfjárbætur í hálfu til heila öld eftir svæðum. Verkefnið vann Kristjana Einarsdóttir, líffræðinemi undir handleiðslu Arnlínar Óladóttur, vistfræðings og Þorleifs Eiríkssonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða.

### Byggð og náttúruvá

Þetta verkefni var unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað vegna mats á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík. Um er að ræða hluta af meistaraþrófsrannsókn Margrétar Valdímarsdóttur, landfræðings um viðhorf íbúa á ofanflóðasvæðum til áhættu og öryggis.

### Refir á Hornströndum

Í tímariti Náttúrufræðingsins birtist grein sem fjallar um rannsóknir á refum á Hornströndum. Markmið rannsóknarinnar var að áætla fjölda grenja í ábúð á þessum tíma og bera saman stærð hans nú eftir friðun, við það sem var þegar greinjavinnsla fór fram. Páll Hersteinsson, Þorvaldur Þ. Björnsson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Anna Heiða Ólafsdóttir, Hólmfríður Sigþórsdóttir og Þorleifur Eiríksson unnu að rannsókninni og birtu niðurstöður sínar í greininni.

### Rannsóknir á Fjarðarhornsa og Skálmardalsá

Náttúrustofa Vestfjarða og Veiðimálastofnun ríkisins unnu saman að athugun á Fjarðarhornsa og Skálmardalsá á Barðaströnd að beiðni Vegagerðar ríkisins. Tilfnið var að Vegagerðin var að kanna svæði til efnistöku vegna vegagerðar. Tilgangur rannsóknarinnar var að safna gögnum um fiskstofna ána, auk þess að meta gæði búsvæða ána fyrir fisk. Sigurður Már Einarsson hjá Veiðimálastofnun og Þorleifur Eiríksson hjá Náttúrustofu Vestfjarða gerðu rannsóknina.

### Aðstæður til fiskeldis á Vestfjörðum

Náttúrustofa Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða unnu saman að verkefni þar sem skoðaðir voru möguleikar til fiskeldis á Vestfjörðum. Til verksins var fenginn Skúli Guðbjarnarson. Skoðaðir voru hvaða þættir þurfa að vera til staðar til þess að eldismenn og fjárfestar hafi sem bestan aðgang að gögnum um fiskeldi á svæðinu. Niðurstöður verkefnisins sýndu að mjög víða á Vestfjörðum eru aðstæður til fiskeldis góðar.

### Byggingarár húsa í Bolungarvík, á Patreksfirði og Bíldudal

Verkefnið var unnið fyrir Veðurstofu Íslands og var Sólrún Geirsdóttir ráðin í þetta verkefni. Tilgangur verkefnisins var að kortleggja hús í þéttbýli á þessum stöðum og skrá hvenær þau voru byggð, hvar þau stóðu eða standa og hvenær þau sem horfin eru

af sjónarsviðinu hurfu og hvernig. Einungis voru skoðuð þau hús sem standa á skilgreindu snjóflóðasvæði eða rétt utan við það.

#### Fjörur við urðunarstað fyrir utan Flateyri í Önundarfirði

Um er að ræða greinargerð sem unnin var af Þorleifi Eiríkssyni fyrir sorpbrennslustöðina Funa vegna umsóknar um starfsleyfi. Tilgangur hennar var að gefa álit um áhrif ofangreinds urðunarstaðar á lífríki fjörunnar. Niðurstaðan var sú að þar sem fjaran er opin og mikil hreyfing sjávar, er engin hættu á að efni, sem hugsanlega berast frá staðnum, safnist upp í fjörunni.

#### Fjara í Kollafirði í Strandasýslu

Þorleifur Eiríksson vann minnisblað til Vegagerðar ríkisins vegna vegagerðar í norðanverðum Kollafirði í Strandasýslu. Um var að ræða mat á vegagerðina út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Niðurstaðan var sú að út frá náttúruverndarsjónarmiðum væri vegur í hlíðinni betri kostur en vegur í fjörunni.

#### Lág vatnsstaða Syðridalsvatns í Bolungarvík

Veiðifélag Bolungarvíkur óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að hún gæfi umsögn um mótvægisáðgerðir við lága vatnsstöðu Syðridalsvatns í Bolungarvík vegna minnkaðs vatnsrennslis. Það var Þorleifur Eiríksson sem vann umsögnina.

### **Útgefið efni**

Náttúrustofa Vestfjarða gaf út skýrslur um þau rannsóknarverkefni sem stofan vann ýmist ein og sér eða með öðrum einstaklingum og stofnunum.

### **Skýrslur**

Arlín Óladóttir. 2000. Athugun á gróðurfari í hlíðum Traðarhyrnu Bolungarvík. Náttúrustofa Vestfjarða.

Arlín Óladóttir. 2000. Gróðurfar við Þiðriksvallavatn í Strandasýslu. Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða. Náttúrustofa Vestfjarða.

Arlín Óladóttir. 2000. Barðastrandarvegur. Kleifaheiði austanverð - Miklidalur. Gróðurfar. Náttúrustofa Vestfjarða.

Arlín Óladóttir. 2000. Vestfjarðavegur frá Múla í Kollafirði að Vattarnesi. Gróðurfar. Náttúrustofa Vestfjarða.

Hólmfríður Sigþórsdóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Páll Hersteinsson. 2000. Fuglalíf í Hlöðuvík sumarið 1998. Bliki 20: 23-32.



- Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir. 2000. Fuglaathuganir við Þiðriksvallavatn í Strandasýslu. Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Jón Reynir Sigurvinsson. 2000. Jarðfræði Bolungarvíkur. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Jón Reynir Sigurvinsson. 2000. Jarðfræði Bolungarvíkur. Grjótnám og haugsetning efnis. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Kristjana Einarsdóttir, Þorleifur Eiríksson og Arnlín Óladóttir. 2000. Tíðnidreifing blómplantna í Hornstrandafriðlandi eftir mislanga friðun búfjárbeitar. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Páll Hersteinsson, Þorvaldur Þ. Björnsson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Anna Heiða Ólafsdóttir, Hólmfriður Sigþórsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2000. Refir á Hornströndum. Náttúrufræðingurinn 69 3-4:131-42.
- Sigurður Már Einarsson og Þorleifur Eiríksson. 2000. Rannsóknir á Fjarðarhornsa og Skálmadalssa vegna hugsanlegrar efnistöku. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Skúli Guðbjarnarson. 2000. Aðstæður til fiskeldis á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. 17bls. + 2 kort.
- Sólrún Geirsdóttir. 2000. Byggingarár húsa í Bolungarvík. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Sólrún Geirsdóttir. 2000. Byggingarár húsa á Patreksfirði. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Sólrún Geirsdóttir. 2000. Byggingarár húsa á Bíldudal. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Þorleifur Eiríksson. 2000. Greinargerð um fjörur við urðunarstað fyrir utan Flateyri í Önundarfirði. Unnið fyrir Funa. Náttúrustofa Vestfjarða. 7 bls.
- Þorleifur Eiríksson. 2000. Fjara í Kollafirði í Strandasýslu. Minnisblað til Vegagerðarinnar vegna vegarlagningar. Náttúrustofa Vestfjarða. 4 bls.
- Þorleifur Eiríksson. 2000. Mótvægisáðgerðir við lága vatnsstöðu Syðridalsvatns í Bolungarvík. Umsögn til Veiðifélags Bolungarvíkur vegna minnkaðs vatnsrennslis. 3 bls.

## NÁTTÚRUGRIPASAFN

Náttúrustofa Vestfjarða hefur umsjón með og rekur Náttúrugripasafn Bolungarvíkur. Á árinu var unnið að því að fjölga sýningagripum og lögð áhersla á uppbyggingu fuglasafnsins. Þá var sett upp veggspjaldasýning um Hornstrandir. Byggði hún á þeim rannsóknum sem Náttúrustofan hefur stundað á fuglalífi, refum og gróðurfari á Hornströndum.